



906. fundur stjórnar GSÍ, 24.01.2019 kl.18:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Á. Sverrisson, Hulda Bjarnadóttir, Hansína Þorkelsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson, Kristín Guðmundsdóttir, Jón B. Stefánsson, og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 905. fundar var samþykkt og undirrituð

2. IT mál

Bergsteinn Hjörleifsson formaður IT nefndar GSÍ fjallaði um samningsdrög sem Golfbox hefur sent til nefndarinnar. Nefndin hefur yfirfarið drögin og mun gera tillögur að breytingum. Stjórn GSÍ óskaði eftir minnisblaði frá IT nefnd varðandi ferlið fram fram til þessa sem jafnframt fæli í sér endanlegar og rökstuddar tillögur nefndarinnar. Ákveðið var að bjóða forsvarsmönnum golfklúbba á kynningarfund með Golfbox í febrúar til þess að skoða vöruna sem í boði er. Mikilvægt er að stjórnarmenn GSÍ mæti einnig til fundarins.

Næstu skref varðandi Golfbox verða þau að yfirferð samningsdraganna heldur áfram, í samráði við lögfræðinga og aðra sérfræðinga. Breytingartillögur verða sendar til Golfbox og þegar aðilar hafa náð saman um endanleg samningsdrög, verða þau lögð fyrir stjórn GSÍ. Samþykki stjórn drögin, verður boðað til auka-Golfþings þar sem leitað verður eftir samþykki golfhreyfingarinnar varðandi yfirfærslu í Golfbox úr núverandi kerfi.

Bergsteinn lagði fram tillögu um að Arnar kerfisstjóri GSÍ, ásamt framkvæmdastjóra, fengju grænt ljós frá stjórn um að semja við IDEGA um lágmarks viðhald á vefnum Golf.is fyrir árið 2019 og var sú tillaga samþykkt.

3. Ráðningarferli afreksstjóra GSÍ

Brynjar Eldon Geirsson fór yfir stöðuna á ráðningarferli afreksstjóra GSÍ en alls bárust 35 umsóknir um stöðuna. Afreksnefnd GSÍ hefur yfirfarið allar umsóknir og viðtöl við hæfustu umsækjendurna verða tekin á næstu tveimur vikum. Þó nokkur umræða átti sér stað um fyrirkomulag starfs afreksstjóra og var stjórn sammála því að heppilegast væri að ráða manneskju í samskonar starf og Jussi Pitkanen gegndi. Ástæðulaust væri að breyta um stefnu ef heppilegur umsækjandi finnst til að taka við starfi Jussi. Afreksnefnd mun leggja tillögu sína um ráðningu fyrir stjórn GSÍ þegar tillagan liggur fyrir.



4. Stefnumótun GSÍ

Eggert Á. Sverrisson fjallaði um stöðu stefnumótunar og tímalínu vinnunnar. Næst á dagskrá er að senda út ítarlega könnun byggða á markmiðum hreyfingarinnar til stjórnna allra aðildarfélaganna fyrir lok janúarmánaðar. Vinnunni miðar vel og hafa starfsnefndir og hreyfingin tekið vel þeim verkefnum sem send hafa verið út í tengslum við vinnu að stefnu GSÍ 2020-2027.

5. Samstarfsaðilar GSÍ

Brynjar Eldon Geirsson fór yfir stöðu aðalsamstarfsaðila GSÍ og tjáði fundinum að viðræður við Eimskip um áframhaldandi farsælt samstarf sé í fullum gangi og muni línur skýrast á allra næstu dögum.

6. Önnur mál

- Breyting á klukku, Hauki Erni var falið að setja saman samskonar umsögn og senda var til Alþingis árið 2015.
- Vorfundur stjórnar, Haukur Örn fór yfir dagskrá fundarins og ferðarinnar í heild sinni.
- LEK málefni, Jón B. Stefánsson formaður LEK nefndar fór yfir breytingartillögur LEK nefndar á valreglum vegna landsliða eldri kylfinga. Stjórn var sammála því að LEK nefndin myndi sjálf ákveða reglur í tengslum við val á liðum í ESGA mót. Stjórn samþykkti að LEK nefnd bæri tillögur sínar um val að EGA landsliðum undir afreksnefnd GSÍ og í sameiningu kæmust nefndirnar að niðurstöðu vegna ársins 2019. Stjórnarmenn voru sammála um að framtíðarfyrirkomulag þessara mála yrði að ráðast samhliða yfirstandandi stefnumótunarvinnu.
- Mótaskrá og dreifing á kynningarefni um nýjar golfreglur. Brynjar gerði grein fyrir málinu og var hann beðinn um að ræða við Hörð Geirsson varðandi tímalínur vegna útgáfu gagnanna. Stjórnarmenn voru sammála um að óheppilegt væri að bíða of lengi með kynningu nýju reglnanna þar sem þær hafa þegar tekið gildi, auk þess sem kynning á reglunum erlendis stendur yfir.

Næsti fundur stjórnar verður boðaður síðar.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl.21:05